



SETUR ÞIG Í FYRSTA SÆTID



Benedikt Ólafsson
S: 661-7788



Hallveig Jónsdóttir
S: 699-0496



Tinna Bergmann
S: 869-3675



Eggert Mariúson
S: 690-1472

STOFNFASTEIGNASALA.IS - LYGÁS 11, 210 GARÐABÆR - SÍMI: 511-0900

GARÐAPÓSTURINN

Bæjarblað Garðbæinga frá 1989



Opið 9-18:30 virka daga
Opið 10-16 á laugardögum

Sími 577 5010

Litlatúni 3 · 210 Gbæ



Arion banki

Frétta- og auglýsingasími 697-4020 - valdimar@gp.is - Vefsíða Garðapóstsins **KGP.IS**

07. tölublað 36. árgangur. Fimmtudagur 27. febrúar 2025

20 ÁRA REYNSLA

Þjónusta þína fasteign þar til hún selst
og aðstoða við kaup á nýrri fasteign



Ég vil vinna
fyrir þig.



Hannes

Löggiltur fasteignasali

699 5008

hannes@fastlind.is



FASTEIGNASALAN
TORG

KRAFTUR
TRAUST
ÁRANGUR

Darri Örn
löggiltur fasteignasali
Sími 767-0000

FLATEY

PIZZA NAPOLETANA
Garðatorgi 6. S.568 2666

Lyfjaval
HEILSA & HJÁRNAGA

24/7
OPIÐ

Bílaapótek Lyfjavals
Hæðasmára

Góð mæting á kynningarfund um Vetrarmýri

Mikil eftirvænting er fyrir uppbyggingu hverfisins



Vel á annað hundrað manns mætti á fyrstu kynninguna um uppbyggingu Vetrarmýrar, sem haldin var í samstarfi við Golfklúbb GKG sl. þriðjudag í golfklúbbnum. Á fundinum kynntu forsvarsmenn verkefnisins bæði þau byggingaráform sem þegar eru hafin og framtíðarsýn svæðisins.

Hönnuðir, skipulagshöfundar og lykilaðilar í þróun verkefnisins tóku einnig til máls og ræddu sérstöðu hverfisins, sem tengir þéttbýli við ósnortna náttúru á einstakan hátt. Þá var einnig fjallað um íbúðirnar við Vetrarbraut 2-4, sem fara í sölu á vormanuðum. Mikil eftirvænting er fyrir uppbyggingu hverfisins, og ljóst er að áhugi á nýjum íbúðum í Vetrarmýri er mikill. (Frh. á bls. 2).

KOMINNTÍMA
SKOÐUN?

Verið velkominn með bílinn í skoðun, þið finnið næstu skoðunarstöð á frumherji.is

Frumherji

HAFID
FISKVERSLUN
- Gæðin skipta máli -

Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi

YUZU HEFUR OPNAÐ Í LITLATÚNI, GARÐABÆ

"SUMIR SEGJA BESTI HAMBORGARI Í HEIMI"

LEMON
Í FERMINGUNA

MEIRA NÆS ...

30% AFSLÁTTUR MEÐ VILDARKORTI LINDAR



hjá eftirfarandi fyrirtækjum:



Húsgagnahöllin: 30% afsláttur af öllum vörum. Betra bak: 30% afsláttur af öllum vörum. Dorma: 30% afsláttur af öllum vörum. Flúgger: 30% afsláttur af allri innimálingu. S. Helgason: 30% afsláttur af öllum borðplötum. Parki: 30% afsláttur af öllum vörum nema innréttingum. Z brautir og gluggatjöld: 30% afsláttur af öllum vörum. Vidd: 30% afsláttur af öllum vörum. Húsasmíðjan: 30% afsláttur af hreinlætistækjum og ljósum. ATH! Afslátturinn gildir ekki á útsölum.

Bæjarlind 4 / Sími: 510 7900 / www.fastlind.is

Næðisklefi bætist við fjölbreytileika bókasafnsins

Nú hefur Bókasafni Garðabæjar áskotnast næðisklefi. Var Næðisklefinn vígður miðvikudaginn 19. febrúar þar sem Ólöf Breiðfjörð menningarfulltrúi Garðabæjar og Margrét Berndsen Sigurgeirsdóttir forstöðumaður Bókasafns Garðabæjar sátu fyrsta fundinn í rýminu.

Næðisklefinn er eingöngu leigður út á afgreiðslutíma safnsins og nauðsynlegt er að skrá sig í afgreiðslunni eða á netfangið: bokasafn@gardabaer.is. Næðisklefan er einungis hægt að bóka viku fram í tímann.

Hægt er að leigja Næðisklefan endurgjaldslausi í allt að tvær klukkustundir.

Leigutaki skilar Næðisklefa af sér eins og hann tekur við honum

Yfirhafnir og útskór eru ekki leyfðir inni í klefanum.

Ekki er leyfilegt að neyta matar né drykkjar inni í Næðisklefanum!



Næðisklefinn vígður miðvikudaginn 19. febrúar þar sem Ólöf Breiðfjörð menningarfulltrúi Garðabæjar og Margrét Berndsen Sigurgeirsdóttir forstöðumaður Bókasafns Garðabæjar sátu fyrsta fundinn í rýminu

Verið hjartanlega velkomin á Bókasafn Garðabæjar.

Hljóðfærahönnun með fiðlusmiðameistara

Sunnudaginn 2. mars kl. 13 er komið að mánaðarlegri fjölskyldusmiðju í Hönnunarsafni Íslands en að þessu sinni hefur safnið fengið til liðs við sig bæjarlistamann Garðabæjar, Hans Jóhannsson fiðlusmiðameistara. Hans er vel þekktur undir nafninu Fiðlu-Hansi og í smiðjunni ætlar hann að veita börnum og fjölskyldum innsýn í heillandi fag sitt, hljóðfærahönnun og hljóðfæragerð. Hansi fékk áhuga á fiðlugerð þegar hann sá afa sinn vinna í vinnustofu sinni en afi hans var skápsmiður. Hver veit nema áhugi framtíðar fiðlusmiða verði vakinn á þessari smiðju!



Þátttaka ókeypis og öll velkomin!

FRÍMANN & HÁLFDÁN
ÚTFARARÞJÓNUSTA

Frímann
897 2468

Hálfán
898 5765

Ólöf
898 3075

Staphrauni 5, Hafnarfirði
Sími: 565 9775
www.uth.is - uth@uth.is

Geta keyrt golfbílinn heiman frá sér og beint á teig



Á kynningarfundinum sl. þriðjudag var fjallað um framtíðarsýn hverfisins, skipulag og uppbyggingu, en hverfið er staðsett á einstökum stað við Miðgarð og Golfklúbb Kópavogs og Garðabæjar (GKG) og mun sameina náttúru, nútímalegt skipulag og fjölbreyttar íbúðir fyrir fólk sem sækist eftir útivist og gæðum

Nýtt og spennandi íbúðahverfi er í uppbyggingu í Garðabæ – Vetrarmýri. Hverfið er staðsett á einstökum stað við Miðgarð og Golfklúbb Kópavogs og Garðabæjar (GKG) og mun sameina náttúru, nútímalegt skipulag og fjölbreyttar íbúðir fyrir fólk sem sækist eftir útivist og gæðum. Á kynningarfundinum sl. þriðjudag var fjallað um framtíðarsýn hverfisins, skipulag og uppbyggingu.

Hágæða íbúðahverfi sem höfðar sérstaklega til þeirra sem meta útivist og nálægð við náttúru

Garðapósturinn heyrði hljóðið í Karli Þráinssyni, framkvæmdastjóra Arnarhvals og fékk sýn hans á uppbyggingu Vetrarmýrar. „Við hjá Arnarholi höfum mikla reynslu af uppbyggingu íbúða og sáum strax einstakt tækifæri í því skipulagi sem var til staðar í Vetrarmýri. Okkur langaði að skapa hágæða íbúðahverfi sem höfðar sérstaklega til þeirra sem meta útivist og nálægð við náttúru. Undanfarin ár hefur uppbygging á höfuðborgarsvæðinu að mestu snúist um þéttingu byggðar með fáum bílastæðum. Verkefni eins og þetta með nálægð við náttúru hafa verið færri og við sáum tækifæri í því.“



Fjölbreyttar íbúðir sem höfða til breiðs hóps fólks

Karl segir að Garðabæ sé þekktur fyrir frábæra þjónustu og mælist ítrekað hátt í ánægju íbúa samkvæmt Gallup könnunum. Að byggja nýtt íbúðahverfi í slíku sveitarfélagi er spennandi, sérstaklega þegar umhverfið býður upp á jafnmörg tækifæri og Vetrarmýri gerir. „Við höfum lagt mikla áherslu á fjölbreyttar íbúðir sem höfða til breiðs hóps fólks – hvort sem það eru einstaklingar, fjölskyldur eða fólk sem vill búa í nálægð við náttúru og útivistarmöguleika. Við horfum líka til framtíðar, á

Vetrarbraut 2-4 fer í sölu á vormánuðum

svæðinu verður byggður nýr skóli og svo mun stór hluti íþróttastaðstöðu Stjórnunnar vera í Vetrarmýrinni, sem gerir hverfið enn eftirsóknarverðara,“ segir Karl.

Fleiri bílastæði en tíðkast hefur

Þá segir Karl að sérstaða þessara íbúða sé að talsvert fleiri bílastæði fylgi íbúðum en tíðkast hefur undanfarin ár auk þess séu bílskúrar og frístundaskúrar í bílakjallara þannig að til að mynda munu golfarar geta keyrt beint á golfbilnum úr bílakjallara á teig.

Enskt sumar í Vídalínskirkju

Strengjahljómssveitin Spiccato mun halda tónleika í Vídalínskirkju laugardaginn 1. mars kl. 17-18, en þar mun hljómssveitin flytja verk eftir ensk tónskáld (Purcell, Handel, Boyce, Elgar, Delius, Holst).

Verkin gefa innsýn í ólík tímabil sögunnar allt frá barokktónlist, klassík, rómantik til nútíma þjóðlaga hughrifa.

Strengjasveitin Spiccato var stofnuð árið 2012 af hópi strengjaleikara sem vettvangur til að flytja strengjatonverk - ekki síst frá Barokk tímánum - þar sem jafnræði ríkir milli hljóðfæraleikara, enginn einn stjórmar. Á æfingum er skipst á skoðunum



um túlkun tónverka og allir fá tækifæri til að koma fram sem einleikarar. Á þeim rúmum tíu árum hefur sveitin haldið tuttugu

tónleika, flesta í Reykjavík. Aðgangur á tónleikana er ókeypis

relaxation.is

RELAXATION CENTRE

NUDD OG SNYRTING

BYD

BUILD YOUR DREAMS

UPPLIFÐU FRAMTÍÐINA Í BYD SEAL U

KOMDU OG REYNSLUAKTU BYD SEAL U,
VIÐ TÖKUM VEL Á MÓTI ÞÉR



BYD SEAL U verðlistaverð kr. 7.490.000
Styrkur frá Orkusjóði -900.000

VERÐ KR. 6.590.000

218 hestöfl | 87 kwh rafhlaða | 500-674 km drægni

Í BYD SEAL U er fylgt nýju „Ocean aesthetics“ hönnuninni. BYD SEAL U byggir á grípandi hönnunarheimspeki með því að sameina sjónræna fagurfræði BYD hönnunar með framúr-stefnulegum blæ. BYD SEAL U er vistvænn og fallegur bíll sem hentar litlum sem stórum fjölskyldum. BYD SEAL U öflugur og skemmtilegur fjölnotabíll hröðun úr 0-100 km/klst tekur aðeins 9,3 sek.

Nánari upplýsingar á byd.is

BYD ER STÆRSTI RAFBÍLAFRAMLEIÐANDI Í HEIMI

GARÐAPÓSTURINN

Útgefandi: Valdimar Tryggvi Kristófersson
Sími: 697 4020 Netfang: valdimar@gp.is Vefsíða: www.kgp.is
Ritstjóri: Valdimar Tryggvi Kristófersson
Prentun: Landsprent ehf Dreifing: Póstdreifing

Garðapósturinn kemur næst út fimmtudaginn 6. mars

Síðasti skiladagur föstudaginn 28. febrúar
valdimar@gp.is - Sími 697 4020

Garðapósturinn með bæjarbúum í 36 ár - frá 1989

Vefsíða Garðapóstsins er: www.kgp.is

Fylgdu Garðapóstinum á: Facebook, Twitter og Instagram

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS síðan 1996

ALÚÐ VIRÐING
TRAUST REYNSLA

Auðbrekku 1 | 200 Kópavogi | sími: 581 3300 | www.utforin.is

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Andrés Andrésón
S: 662 5339



Jóhanna Eiríks



Guðmundur Örn
Jóhannsson
S: 862 0537

Sólarhringsþjónusta | S: 581 3300 eða utforin@utforin.is

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Fjarðargötu 13-15 | 220 Hafnarfirði | s: 565 5892 | www.utfararstofa.is

K.C. - MÁLUN

kcarter@internet.is
GSM: 691-7979

Kristmundur Carter - Málameistari

MÁLNING · SPARTSL · VEGGFÓÐUR · FLÍSAÞÖGN



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Vefmiðill Garðapóstsins www.kgp.is

[Facebook.com/Gardaposturinn.is](https://www.facebook.com/Gardaposturinn.is)

[Twitter.com/Gardapostur](https://twitter.com/Gardapostur)

Aðsend grein

Almar Guðmundsson

Til þjónustu reiðubúin í Garðabæ

Við vitum að góð þjónusta skiptir sköpum, á sama hátt og fátt er meira ergjandi en slæm þjónusta. Það er því sérstaklega ánægjulegt að sjá að Garðabæingar eru mjög ánægðir með sveitarfélagið sitt og þá þjónustu sem við veitum. Þetta kemur skýrt fram í þjónustukönnun Gallup fyrir árið 2024. Markmið könnunarinnar er að kanna ánægju með þjónustu stærstu sveitarfélaga landsins, gera samanburð þeirra á milli og fylgjast með breytingum frá fyrri mælingum. Við stöndum vel að vígi í þessum samanburði.

Við leggjum áherslu á að mæta væntingum íbúa um þjónustu í ört stækkandi bæjarfélagi. Það skiptir nefnilega máli að geta haft samband við sveitarfélagið og fengið skjót svör, að sorphirða gangi hnökralaust fyrir sig og að leik- og grunnskólar uppfylli væntingar íbúa. Litlu hlutirnir og stóru – þeir skipta máli.

Skólarnir okkar: Öflug leik- og grunnskólaþjónusta

Garðabær er meðal hæstu sveitarfélaga í ánægju með leikskólaþjónustu og bætir sig á milli ára. Þetta sýnir að umfangsmiklar breytingar á leikskólaumhverfinu síðastliðinn vetur hafa skilað sér vel og að Garðabæjarleiðin er að virka. Mikil ánægja með leikskóla helgast líka af því að í Garðabæ komast börn fyrr inn í leikskóla en víðast hvar annars staðar.

Garðabær skorar hæst í ánægju með grunnskólaþjónustu meðal stærstu sveitarfélaganna. Þetta gefur til kynna að við

höfum náð að viðhalda fagmennsku í sibreytilegu skólaumhverfi ásamt því að bæta skólahúsnæði markvisst. Það ætti því ekki að koma á óvart að Garðabæingar eru einnig almennt ánægðir með þjónustu við barnafjölskyldur og við stöndum þar fremst meðal stærstu sveitarfélaganna.

Umhverfið, náttúran og sorphirða

Menningarmálin eru í góðum og blómlegum farvegi. Garðabæingar eru ánægðir með umhverfi sitt, og skyldi engan undra. Hér er stutt í alla áttir í náttúruna og auðvelt að komast hjólandi, gangandi og keyrandi leiðar sinnar. Þeir eru ánægðastir með skipulagsmálin af stærstu sveitarfélögum. Garðabæingar eru ánægðir með sorphirðuna, en við sjáum tækifæri til að bæta hana enn frekar.

Tækifærin til úrbóta

Það er mikilvægt að bregðast vel við þegar okkur er bent á hluti sem betur mættu fara. Við tökum ábendingum um málefni fatlaðs fólks í sveitarfélaginu alvarlega og höfum verið í mikilli vinnu við að rýna þjónustuna nánar og móta aðgerðir til að bæta úr. Það er okkur líka kappsmál að bæta þjónustu við eldri borgara. Á heildina litið er þó ánægjufeni að notendur þjónustunnar eru ánægðari en þeir sem ekki hafa nýtt sér þjónustuna. Það segir okkur að við erum að gera vel á borði, en ekki bara í orði.

Verkefninu lýkur aldrei

Góð þjónusta er samvinnuverkefni allra sem koma að. Starfsfólk Garðabæjar á heiður skilinn fyrir sína framgöngu, íbúar



Almar Guðmundsson

bæjarins kunna vel að meta þeirra daglegu störf sem er afar gleðilegt. Ánægja íbúa endurspeglar líka jákvæð viðbrögð við stefnu og áherslum sveitarfélagsins.

Markmið okkar er ávallt að veita íbúum framúrskarandi þjónustu og við ætlum að halda áfram að þróa hana í takt við þarfir bæjarbúa. Við stoppum ekki hér, heldur stefnum á stöðugar umbætur. Það er okkur hvatning að íbúar Garðabæjar séu þeir ánægðustu með þjónustu síns sveitarfélags. Við ætlum okkur að standa undir því trausti áfram og erum meðvituð um að það gerist ekki af sjálfu sér.

Við verðum áfram til þjónustu reiðubúin.

Almar Guðmundsson,
bæjarstjóri Garðabæjar

Erindi um matjurtaræktun, hæglæti, Grænland og kvennasöguna í 50 ár

Bókasafn Garðabæjar býður upp á fróðleg og skemmtileg erindi á löngum fimmtudögum í mars

Nú blæs Bókasafn Garðabæjar aftur til leiks og býður upp á fróðleg og skemmtileg erindi á löngum fimmtudögum í mars. Öll erindin hefjast klukkan 19 á fimmtudögum í mars. Þar kennir ýmissa grasa og getur fólk fundið eitthvað við sitt hæfi. Enginn aðgangseyrir og léttar veitingar í boði.

6. mars í tilefni af Kvennaárinu 2025 fjallar Raket Adolphsdóttir um hvað var í farvatninu árið 1975 og hvernig er verið að vinna með það nú 50 árum síðar. Raket er fagstjóri Kvennasögusafn Íslands sem heldur upp á 50 ára afmæli sitt í ár.

13. mars fáum við Petru Stefánsdóttur garðyrkjufræðing og blómaskreytir hjá Garðheimum og einn af meðlimum Seljargarðs til að fræða gesti um matjurtaræktun á öllum vígstöðum hvort sem það er í úti í garði, inná baði eða í stofuglugga.



20. mars kemur til okkar Dögg Árnadóttir, ýðheilsufræðingur og stjórmarkona Hæglætishreyfingarinnar á Íslandi og heldur erindi um hæglátara líf. Hæglæti er m.a. svar við hraða og streitu.

27. mars fáum við að lokum erindi um Grænland. Sumarliði R Ísleifsson, sagnfræðingur ræðir um fyrstu kynni Íslendinga

við Grænland og stofnun byggðarinnar í Scoresbysundi, nú líttoqortoomiit. Byggðin var nátengd deilum um yfirráð á landinu. Sumarliði fjallar um tengslin á milli Íslands og Grænlands og rammur inn erindið með því að taka saman helstu atriði varðandi stöðu landsins, erlenda ásælni þangað og tengja þau við samtímann.

254.795 heimsóknir í sundlaugar Garðabæjar árið 2024

Tekin hefur verið samantekt á aðsóknartölum sundlauganna í Ásgarði og á Álftanesi.

Heildaraðsókn í almenningssundlaugar Garðabæjar árið 2024 var 254.795 heimsóknir borið saman við 220.771 heimsókn árið 2023. Aukning um 47.470

eða 15,41%. Opnunartími í Álftaneslaug var lengdur árið 2024 á virkum dögum til klukkan 22:00 til samræmis við Ásgarðs-laug.

Heimsóknir í Álftaneslaug eftir klukkan 19:00 jukust úr 8.185 í 13.446 yfir árið, eða 64,28%.



BÚSTOÐ

— síðan 1975 —



VIÐ EIGUM
50 ÁR
AFMÆLI

Af því tilefni bjóðum við
20-50% afslátt af völdum
húsgögnum og gjafavöru

📞 559-9002

📍 Miðhraun 24, Garðabær

🌐 bustod.is

📞 421-3377

📍 Tjarnargata 2, Reykjanesbær

✉ bustod@bustod.is

Strengjakvartett bæjarlistamanns á Tónlistarnæringu

Miðvikudaginn 5. mars kl. 12.15 fara fram tónleikar í röðinni Tónlistarnæring í sal Tónlistarskóla Garðabæjar en að þessu sinni verður leikið á sköpunarverk Hans Jóhannssonar bæjarlistamanns Garðabæjar. Hljóðfærleikarnir sem skipa kvartettinn eru Auður Hafsteinsdóttir fiðla, Matthías Stefánsson fiðla; Fidel Atli Quintero Gasparsson víola og Örnólfur Kristjánsson selló.



strengjakvartett. Aðgangur er að venju ókeypis en tónleikarnir eru þeir næst síðustu á starfsárinu.

Hans mun ef til vill segja frá tilurð kvartettsins í bland við flutning á tónlist fyrir

Fjör í vetrarfrí á bókasafninu

Fjöldmörg börn og fjölskyldur þeirra lögðu leið sína í Bókasafn Garðabæjar í vetrarfrí skólanna. Boðið var uppá föndursmiðjur, fjölskyldujóga, bíósýningar, dótaskiptimarkað, myndir til að líta, spil og að sjálfsgöngu alveg fullt af fjölbreyttum bókum og tímaritum til að njóta í notalegu umhverfi.

Margvísleg listaverk urðu til í smiðjunum en þá fönnduðu hugmyndarík börn og fjölskyldurskrautleg bókamerki með úrklippum úr afskrifuðum bókum og litríkum,



fléttuðum böndum og glæsilegar dreka- og tröllaverur sem sumir skrifuðu og teiknuðu sögur um eða bjuggu til leikbrúður. Halldóra Mark jógakennari leiddi tvær skemmtilegar krakkajógastundir sem vöktu mikla lukku allra fjölskyldumeðlima.



Mayoral opnar í Smáralind 1. mars

Mayoral er ein af stærstu barnafatakeðjum heims með um 10.000 útsöluastaði í yfir 100 löndum

Spænska barnafatakeðjan Mayoral opnar tvær nýjar verslanir á Íslandi á laugardaginn, 1. mars, annars vegar í Smáralind auk þess sem netverslun Mayoral.is mun opna samtímis þ.e.a.s. þann 1. mars. kl. 12:00. Mayoral býður upp á tiskufatnað, skó og fylgihluti fyrir börn á aldrinum 0-12 ára. Mayoral er ein af stærstu barnafatakeðjum heims með um 10.000 útsöluastaði í yfir 100 löndum ásamt netverslun sem nær til 21 markaðs. Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru í Malaga á Spáni.

Eitt virtasta barnafatamerki Evrópu með næstum 100 ára reynslu í greininni

Mayoral er virt spænskt barnafatamerki með næstum 100 ára reynslu í hönnun og framleiðslu á fatnaði fyrir börn. Fyrirtækið var stofnað árið 1941 í Malaga á Spáni og er nú rekið af 4. ættlið sömu fjölskyldu. Áhersla er á að bjóða upp á hágæða, þægilegan og tiskufatnað og skó á hagkvæmu verði fyrir börn á aldrinum 0-12 ára ásamt unglingsstærðum upp í 16 ára. Með öflugri viðveru í yfir 100 löndum og 10.000 útsöluastaðum hefur Mayoral fest sig í sessi sem eitt af leiðandi barnafatamerkjum í heiminum og eitt það stærsta í Evrópu. Fyrirtækið leggur mikla áherslu á nýsköpun, gæði og umhverfisvæna framleiðslu, sem endurspeglast í fjölbreyttu vöruúrvali, lögðu fram af kostgæfni yfir 100 hönnuða sem leggja til fjölda nýrra lína barnafatnaðar ár hvert á hagkvæmu verði.

Skemmtilegt skref að opna á Íslandi

„Undirbúningur fyrir opnun fyrstu verslana Mayoral á Íslandi hefur sannarlega verið okkur ánægjulegt og spennandi. Við höfum unnið með Dimmalimm til fjölda ára og tökum nú skrefið alla leið þegar við kynnum okkur fyrir íslenskum fjölskyldum að fullu. Það er skemmtilegt skref fyrir okkur og sérstaklega í ljósi þess að geta boðið upp á vöruúrvalið í einni helstu verslunarmiðstöð landsins og á netinu, samtímis,“ segir Juan Carlos Jimenez, yfirmaður alþjóðasviðs Mayoral.

Ný verslun í Smáralind og www.mayoral.is opnar 1. mars kl. 12:00

Verslun Mayoral í Smáralind, þar sem áður var Vodafone er um 100 m² að stærð mun bjóða upp á nýjustu hugmyndafræði við hönnun verslana sem kynnt var fyrir um tveimur árum síðan þar sem notalegt verslunarrými er undirstrikað með náttúrulega ljósum efniviði með áherslu á sjálfbærni, fjölbærni og tækni. Þetta nýja umhverfi stendur upp úr fyrir hlýju, ferskleika andrúmsloftsins og bjartri lýsingu. Uppbygging rýmisins byggist á forsendum vistvænnar hönnunar og hringrásarhagkerfisins og inniheldur þætti og húsgögn m.a. úr endurunnum efnem. Mayoral í Smáralind opnar kl. 12:00 þann 1. mars.

Mayoral hefur verið Íslendingum að góðu kunn en verslunin Dimmalimm hefur selt hluta vöruúrvals Mayoral í versluninni á Laugaveginum til fjölda ára og mun selja hluta vöruúrvals Mayoral áfram. Í gegnum umboðssamning við Lóu D. Kristjánsdóttur og Albert Þór Magnússon sem hafa rekið Lindex vörumerkið hér á landi í yfir áratug á farsælan hátt ásamt Gina Tricot, opnast nú tækifæri til að gera vörum Mayoral mun betri skil með opnun fyrstu verslunar Mayoral, www.mayoral.is ásamt versluninni í Smáralind eins og fyrr segir.



Mayoral býður upp á barnafatnað ásamt fylgihlutum og skóm fyrir börn á aldrinum 0-12 ára ásamt unglingsstærðum upp í 16 ára



Ungbarnafatnaður til unglingsstærða

Vöruúrval Mayoral samanstendur af Newborn línu sem er ungbarnafatnaður á 0-18 mánaða börn ásamt gjöfum og aukahlutum þar sem leitast er við að ná jafnvægi á milli nýjustu tiskustrauma og þæginda, mýktar og gæða sem eru nauðsynleg fyrir barn á fyrstu mánuðum þess. Baby lína Mayoral samanstendur af fatnaði og aukahlutum fyrir 6 til 36 mánaða gömul börn og einkennist af fjölbreytilegum og þægilegum fatnaði án þess að missa sjónar af nýjustu tiskustraumum og litum til að bjóða upp á hentugan fatnað við öll tækifæri. Í Mini línunni fyrir börn á aldrinum 2ja til 9 ára er viðkvæðið „Verum vinir“ í aðalhlutverki þar sem lífskraftur og ferskleiki bernskunnar eru í brennidepli. Litaglöðu flikurnar samanstanda af heildstæðu útliti og þægilegum efnem fyrir daglegar óskir barna.



Viss um að Mayoral verði vel tekið af fjölskyldum landsins

„Við höfum fylgst með vörumerki Mayoral til margra ára og þegar tækifæri bauðst til að koma með alvöru Mayoral verslun hingað til Íslands ásamt netverslun mayoral.is urðum við strax spennt. Við erum full tilhlökkunar og erum sannfærð um að Mayoral verði vel tekið af fjölskyldum landsins,“ segir Lóa Dagbjört Kristjánsdóttir, umboðsaðili Mayoral á Íslandi.



Samfélagsleg ábyrgð Mayoral

Mayoral Group virðir skuldbindingu sína við umhverfið, samfélagið og stjórnarhætti fyrirtækja (ESG) með verkefni undir kjörorðinu „Elskum jörðina!“ Það felst m.a. í áætlun um að á næsta ári verði um 50% af fatnaði fyrirtækisins framleidd með sjálfbærari hætti og úr sjálfbærari efnem en nú þegar uppfylla um 43% vöruúrvalsins þessi skilyrði. Mayoral er aðili að Sustainable Apparel Coalition (SAC), alþjóðlegu bandalagi um sjálfbæra framleiðslu í textíl-, skó- og fataiðnaðinum. Árið 2023 gekk hópurinn til liðs við alþjóðlega Better Cotton áætlunina, eina af helstu framtaksverkefnum sem stuðla að ábyrgari ræktun á bómull og notar FSC-vottaðan pappír í vöruúrvalinu sínum, verslunarpokum og fatamerkingum en Forest Stewardship Council (FSC) eru frjáls félagsamtök sem stuðla að umhverfislegri og hagkvæmri stjórnun á skóglendum heimsum.

Ný netverslun Mayoral.is ásamt nýrri verslun í Smáralind opna samtímis þann 1. mars. 2025 en hægt að fylgjast með á Instagram síðunni [@mayoraliceland](https://www.instagram.com/mayoraliceland) og Facebook [@ Mayoral Iceland](https://www.facebook.com/mayoraliceland).

Aðilar geta orðið vinir Mayoral á Íslandi á síðunni www.mayoraliceland.is.

Í skínandi sambandi

við Garðbæinga síðan 2013

Allt að 20% afsláttur af reglubundnum þrifum

Verð frá
19.791 kr.
á mánuði

Heimilisþrif
heimilisthrif.is



STÓRA FASTEIGNAKYNNINGIN

1.-2. MARS

**GOLFKLÚBBUR GKG Í GARÐABÆ
LAUGARDAG OG SUNNUDAG FRÁ KL. 11 TIL 17**

ÁTT ÞÚ ÞÉR DRAUM?

NOVUS HABITAT mun kynna allt það nýjasta sem í boði er í fasteignakaupum á Costa Blanca, Costa Cálida og Costa Del Sol svæðunum á Spáni og Tenerife.

Ómissandi viðburður fyrir alla sem dreymir um fasteign á Spáni eða Tenerife.

DAGSKRÁ

- **La Manga Club Properties.** Kynna verkefni við golfvöllinn á La Manga.
- **Abama.** Kynna verkefni við Abama golfvöllinn á Tenerife.
- **Vermell/Amal.** Kynna verkefni í Los Alcazares / La Serena.
- **Jose Diaz.** Kynna Santa Rosalia.
- **Area.** Frumsýna nýtt verkefni í Ciudad Quesada / La Marquesa.



NOVUS HABITAT býður heildarlausnir fyrir kaupendur fasteigna á Spáni með sérhæfingu í sölu nýbygginga á Costa Blanca og Costa Cálida svæðunum á Spáni og Tenerife. Við höfum um áranlangt skeið séð um fasteignakaup Íslendinga á Spáni. Við finnum réttu eignina, sjáum um allt sem viðkemur kaupferlinu, aðstoðum við innbú eigna og hjálpum kaupendur við að koma eign sinni í leigu hluta af ári, óski þeir þess. Auk þess aðstoðum við kaupendur við stofnun og uppbyggingu viðskiptatækifæra á Spáni.

ALLT SEM ÞÚ ÞARFT AD VITA UM FASTEIGNAKAUP Á SPÁNI Á EINUM STAÐ

Velkominn Svali. Við bjóðum Svala velkominn í hópinn okkar og verður hann á kynningarfundinum til að svara öllu sem viðkemur fasteignakaupum á Spáni og Tenerife.



NOVUS HABITAT
FASTEIGNIR

novushabitat.is

Stóra fasteignakynningin í golfklúbbi GKG um helgina

Um helgina mun Novus Habitat halda kynningarfundir þar sem hægt verður að fræðast um allt sem máli skiptir varðandi fasteignakaup á Spáni og Tenerife. Fundirnir verða í klúbbhúsi Golfklúbbs GKG við Vífilstaði á milli klukkan 11 og 17 laugardag og sunnudag.

Gunnar Valsson er flestum Garðbæingum vel kunnugur enda hefur hann aðstoðað bæjarbúa við kaup og sölu fasteigna um langt skeið. Gunnar hefur undanfarin ár búið á Spáni og er genginn til liðs við Novus Habitat sem er íslensk fasteignasala með starfsstöðvar á Spáni og starfssemi víðsvegar í Evrópu.

„Það er óhætt að segja að á Costa Blanca svæðinu á Spáni er að finna algjöra draumaparadís fyrir golfara. Frá Alicante svæðinu og niður fyrir Costa Del Sol ströndina eru yfir 50 golfvöllir af öllum gerðum. Allt frá fullkomnum völlum fyrir byrjendur til háklassa meistaramótsvelli. Nægir að nefna velli á borð við La Finca, Lo Romero, Las Colinas og Las Ramblas. Þetta eru nöfn á golfvöllum sem flestir golfarar eru kunnugir og þeir eru allir á þessum svæðum sem við erum helst að fókusa á með eignir,“ segir Gunnar.

Íslendingar hafa í gegnum árin verið duglegir að fara í golfferðir til Spánar og margir eiga fasteignir, bæði á vinsælum svæðum jafnt sem á golfvöllum sjálfum. „Við höfum fundið vaxandi áhuga á



meðal Íslendinga að fjárfesta í eignum á svæðinu einmitt til þess að stunda golfið af meiri krafti, sérstaklega yfir vetrartímann. Við flesta af þessum stóru völlum eru íbúakjarnar sem Íslendingar hafa verið að sækjast í enda er alveg stórkostlegt að búa bara á uppáhalds golfvöllum sínum og röla bara út á teig,“ segir Gunnar.

Aðspurður segir Gunnar að það sé alger misskilningur að það sé erifitt að vera byrjandi á þessum stóru og flottu völlum. Á Spáni er kúltúrinn þannig að það er enginn að flýta sér og oftast fullkominn skilningur fyrir mismunandi getustigi golfara. Svo eru líka allir á golfbílum þannig að hraðinn á völlumunum jafnast alltaf út, óháð því hvort um sé að ræða byrjendur í sportinu eða lengra komna.

Áralöng þjónusta við Íslenska fasteignakaupendur

Fasteignasalan Novus Habitat býður Íslendingum upp á alhliða aðstoð við val og kaup á fasteign ásamt þjónustu eftir kaupin, á íslenskri tungu enda er fjöldi starfsfólks fasteignasölnunnar Íslendingar. Aðalskrifstofur Novus Habitat eru í Benijófar, suður af Alicante á Spáni en fasteignasalan sérhæfir sig í nýbyggingum á víðfeðmu svæði við suðausturströnd Spánar og á Tenerife.

Íslendingar hafa í auknum mæli fjárfest í fasteignum við Miðjarðarhafið þar sem njóta má veðurbliðu nánast allan ársins hring. Með fasteignakaupum á Spáni er fólk ekki einungis að fjárfesta í fasteigninni sjálfri heldur einnig lífsgæðum og lífsstíl. Birtan, hlýjan og loftslagið gerir fólk gott og ekki



Gunnar Valsson hjá Novus Habitat

spillir verðlagið og fersk matvaran við Miðjarðarhafið fyrir.

Frumnýning á nýjum íbúðaklassa í Quesada

Á kynningarfundinum um helgina verða með í för fimm spænskir byggingaraðilar að kynna fjölbreytt úrval eigna. Einbýli með einkasundlaug og íbúðir, ýmist á og við golfvelli jafn sem íbúðakjörnum þar sem sundlaugar og garðar eru í sameign. Í flestum tilvikum má finna helstu þjónustu í næsta nágrenni en flestir vilja hafa verslun og veitingastaði í göngufæri á meðan hjá öðrum skiptir það minna máli.

„Á kynningunni okkar um helgina verðum við ekki bara að kynna fasteignir á golfvöllum heldur verður áhersla einnig á svæði sem í uppbyggingu í vinsælum hverfum. Flestir fjárfesta í íbúðum og einbýlishúsum á almennum hverfum og íbúðasvæðum í nálægð við fyrsta flokks veitingastaði og alla almenna þjónustu,“ segir Gunnar. „Til að mynda ætlum við að frumsýna nýjar eignir sem rísa munu í Ciudad Quesada. Þetta verður í fyrsta sinn sem kynnt verður þetta slúnkunýja á Rojasles á Torre Vieja svæðinu á Spáni þannig að gestir okkar um helgina verða fyrstir til að sjá þessar eignir.“

Gunnar hvetur alla til að kíkja um helgina, skoða þau tækifæri sem eru í boði og kynna sér allt sem nauðsynlegt er að vita um ferlið við að fjárfesta í fasteign á Spáni eða Tenerife. Kynningarfundirnir eru öllum opnir og gestir geta kíkt í heimsókn hvenær sem er á milli klukkan 11 og 17, bæði laugardag og sunnudag. Hægt er að bóka einkafund með Gunnari eða öðrum söluráðgjöfum Novus Habitat með því að hafa samband í gegnum netfangið info@novushabitat.es. Einnig er hægt að fá góðar upplýsingar á heimasíðunni novushabitat.com/is/



LANGIR FIMMTUDAGAR

Á BÓKASAFNI GARÐABÆJAR

FRÍTT INN OG HEITT Á KÖNNUNNI



6. mars kl. 19

Kvennasögusafnið lítur um öxl á Kvennaárinu 2025 með Rakel Adolphsdóttur fagstjóra safnsins

Matjurtaræktun úti í garði, inná baði, í stofuglugga með Petru Stefánsdóttur garðyrkjufræðingi



13. mars kl. 19

Hæglæti - svar við hraða og streitu með Dögg Árnadóttur lýðheilsufræðingi



20. mars kl. 19

Grænland - frá fyrstu kynnum til nútímans með Sumarliða R Ísleifssyni sagnfræðingi



27. mars kl. 19



Bókasafn Garðabæjar | Garðatorgi 7 | S. 591 4550 | bokasafn@gardabaer.is

MEIRAPRÓF

Fjarkennsla

Næsta námskeið 20. Mars

NÆSTU NÁMSKEIÐ

20. mars
24. apríl
29. maí

Verkleg kennsla í Reykjavík, Akureyri, Sauðárkróki og á Egilsstöðum

Upplýsingar og skráning inn á www.aktu.is

ATH óbreytt verð frá jan '23

BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUBUNNS

Frí Tjónaskoðun

★ **GÆÐAVOTTAD VERKSTÆÐI** ★

Auðbrekku 27. Kópavogi **554 2510**

www.bilasprautun.is

Sumarstörf hjá Garðabæ

Umhverfishópar



Leikskólar



Umsóknarfrestur
10. mars

Frístundadúræði



fyrir fötluð ungmenni

Flokkstjórar og verkafólk



Leikjanámskeið félaga



Félagsstarf aldraðra



Bæjarskrifstofur



Hönnunarsafn



starf.gardabaer.is

Innritun í grunnskóla í Garðabæ fyrir skólaárið 2025-2026

Innritun nemenda í 1. bekk (f. 2019) og 8. bekk (f. 2012) fer fram dagana 1.- 10. mars nk. Innritað er á þjónustugátt Garðabæjar. Athugið að aðeins nauðsynlegt er að innrita þá nemendur í 8. bekk sem skipta um skóla. Innritun lýkur 10. mars nk.

Sömu daga fer fram skráning vegna nemenda í 2.-9. bekk sem óska eftir að flytjast á milli skóla. Áriðandi er að forráðafólk tilkynni óskir um flutning milli skóla fyrir 10. mars nk. Innritun þeirra barna sem óska eftir dvöl á frístundaheimilum Álftanesskóla, Flataskóla, Hofsstaðaskóla, Sjúlandsskóla og Urriðaholtsskóla á næsta ári fer einnig fram þessa sömu daga. Hún er einnig á þjónustugátt Garðabæjar. Sama gildir fyrir sérstakt frístundaúrræði Garðahraun sem er fyrir nemendur í 5.-10. bekk. Mikilvægt er að sótt sé sem fyrst um dvöl á frístundaheimilum. Ef umsóknir fyrir næsta skólaár berast fyrir 15. júní fær barnið pláss á umbednu frístundaheimili. Umsóknir sem berast eftir þann tíma eru afgreiddar með tilliti til starfsmannahalds hverju sinni.

Athygli er vakin á að umsóknarfrestur um heimild til að stunda nám í grunnskólum annarra sveitarfélaga og sjálfstætt reknun grunnskólum skólaárið 2025-2026 er til 1. apríl, sótt er um skólavist utan lögheimilis á þjónustugátt Garðabæjar. Vakin er athygli á að umsókn fyrir nemanda sem stundar nám í grunnskóla utan Garðabæjar þarf að endurnýja fyrir hvert skólaár.

NÁNARI UPPLÝSINGAR MÁ NÁLGAST Í SKÓLUNUM:

- Álftanesskóli, s. 540 4700, alftanesskoli.is
- Flataskóli, s. 513 3500, flataskoli.is
- Garðaskóli, s. 590 2500, gardaskoli.is
- Hofsstaðaskóli, s. 590 8100, hofsstadaskoli.is
- Sjúlandsskóli, s. 590 3100, sjalandsskoli.is
- Urriðaholtsskóli, s. 591 9500, urridaholtsskoli.is
- Barnaskóli Hjallastefnunnar, s. 555 7710, bskgbr.hjalli.is
- Alþjóðaskólinn sími 594 3100, internationalschool.is

Í Garðabæ velur forráðafólk í hvaða grunnskóla þau senda barn sitt. Skólastjórnendur grunnskóla í Garðabæ geta heimilað nemanda með lögheimili í öðru sveitarfélagi en Garðabæ skólavist í grunnskóla Garðabæjar enda sé nægjanlegt húsrými til staðar, ákvörðunin leiði ekki til viðbótar-kostnaðar fyrir Garðabæ og fyrir liggja samningur við hlutaðeigandi sveitarfélag um greiðslu námskostnaðar.



GARDABAER.IS

GOTT SAMFÉLAG

Flataskóli

Sýn Flataskóla

"Í Flataskóla er ýtt undir seiglu, sjálfstæði, skapandi hugsun, sjálfstjórn og samkennd nemenda og starfsfólks. Námið í skólanum er áhugavert, gerðar eru skýrar væntingar til nemenda og öllum gert kleift að vaxa."

Áhersla á S-in fimm seiglu, sjálfstæði, skapandi hugsun, sjálfstjórn og samkennd eiga að vera sýnileg í öllu okkar starfi. Stefna Flataskóla er byggð á þeim einkunnarorðum sem skólinn hefur sett sér að vinna eftir. Einkunnarorðin eru menntun, árangur og ánægja

Skólinn hefur sett sér sýn og markmið tengt hverju einkunnarorði:

Í Flataskóla leggjum við ávallt kapp á að veita menntun eins og hún gerist best í samræmi við áherslur og þarfir hvers tíma. Við leitumst við að ná sem bestum árangri sem einstaklingar og sem heild og að styðja hvert annað til góðra verka. Við minnumst þess að skólinn er ekki bara undirbúningur undir lífið heldur hluti af lífinu sjálfu og því leggjum við áherslu á að gera hvern dag sem ánægjulegastan. Vínjarnleiki, virðing, samkennd, ábyrgð



og mannrækt einkennir samskiptin innan skólans og lögð er áhersla á persónuleg samskipti í heimilislegu andrúmslofti. Skólinn á gott samstarf við foreldra og starfsmenn vinna markvisst að því að nám og starf allra nemenda miðist við þarfir þeirra, getu og sterkar hliðar. Í skólasamfélaginu leggjum við mikla áherslu á að nemendur fái tækifæri til að tjá hugmyndir sínar og tilfinningar á margvíslegan hátt. Lýðræðislegir samskiptahættir og vinnubrögð eru æfð markvisst. Skólinn hefur hlotið viðurkenningu sem réttindaskóli Unicef þar sem unnið er markvisst eftir Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Í öllum hópum eru

reglulegir bekkjafundir þar sem nemendur þjálfast í að ræða saman og leysa ýmis mál sem upp koma. Við teljum það eitt af aðalhlutverkum okkar að hvetja nemendur til aukinnar meðvitundar um vinsamlegt samfélag og áhrif hvers einstaklings bæði á sitt líf og annarra. Árlega taka nemendur og starfsmenn þátt í góðgerðarverkefnum sem hafa það markmið að láta gott af sér leiða fyrir aðra.

Við hvetjum alla til að skoða heimasíðu skólans www.flataskoli.is en þar er að finna fjölda fréttar sem eru örtilill gluggi inn í skólalastarfið.



Heiðveig Hanna Friðriksdóttir

Öllum þeim sem óska eftir að koma í heimsókn og fá kynningu á skólanum er velkomið að hafa samband við Helgu Kristjánsdóttur deildarstjóra með tölvupósti á helgakris@flataskoli.is. Einnig er hægt að hringja í skrifstofu skólans í s.5133500 og senda póst á netfangið flataskoli@flataskoli.is.

Við bjóðum nýja nemendur og foreldra hjartanlega velkomna í skólasamfélagið okkar í Flataskóla!

Heiðveig Hanna Friðriksdóttir,
skólastjóri

Flataskóli við Vífilsstaðaveg
Árgangar 1.-7. bekkur
Fjöldi nemenda: 300
Sími: 5133500
Netfang: flataskoli@flataskoli.is

Í Flataskóla æfum við S-in fimm



Sjáländsskóli

Skapandi skólastarf fyrir nemendur í 1. - 10. bekk

Sjáländsskóli er heildstæður grunnskóli fyrir nemendur í 1. - 10. bekk sem tók til starfa haustið 2005 en unglingsdeild skólans hefur verið starfrækt frá árinu 2008. Í skólanum eru rúmlega 270 nemendur.

Skólastarfið í Sjáländsskóla er fjölbreytt og hefur skólinn frá upphafi sett sér afar metnaðarfull markmið. Áhersla er lögð á einstaklingsmiðað nám, fjölbreytta og sveigjanlega kennsluhætti, sköpun og tjáningu auk þess sem útinám er hluti af vikulegu skipulagi allra árganga í 1.-7. bekk.

Skólalúsnæði og námsumhverfi Sjáländsskóli er fallegur og vel útbúinn skóli. Staðsetning hans er einstök sem og skólabyggingin sem er björt, litrik og notaleg. Opin rými skólans skapa margvísleg tækifæri til fjölbreyttra námsaðstæðna og öflugrar hópavinnu. Sjáländsskóli er heilsueflandi skóli og ber Grænáfána Landverndar þar sem meðal annars er lögð áhersla á skólastarf í anda heilsueflingar og umhverfismenntar. Unnið er að því að efla og stuðla að velferð og góðri heilsu nemenda í hvívetna en velferð og vellíðan nemenda og starfsmanna er undirstöðupáttur í allri nálgun á skólastarfið.

Læsi

Lestrarstefna Sjáländsskóla er undirstöðupáttur menntunar. Rík áhersla er lögð á lestur og lesskilning í öllu skólastarfinu ásamt kennslu í ritun.



Samstarf heimilis og skóla er lykilþáttur í lestrarkennslu og er heimalestri fylgt mjög vel eftir í öllum árgöngum.

Skapandi skólastarf

Í öllu skólastarfi Sjáländsskóla er rík áhersla lögð á list- og verkgreinakennslu. Í skólanum fer fram metnaðarfull kennsla í tónlist, hönnun, smíði, textil, myndmennt, nýsköpun, íþróttum og sundi undir stjórn sérmenntaðra kennara. Skólalóðin býður upp á skemmtilega möguleika fyrir fjölbreytt skólastarf en í hverri viku fara nemendur í útikennslu þar sem allar námsgreinar eru kenndar með fjölbreyttum hætti. Nemendur í 1. - 7. bekk skólans taka daglega þátt í morgunsöng og hefur það reynst farsæl byrjun á skóladeginum.

Unglingastig – Metnaðarfullt nám, fjölbreytt val og áhersla á sköpun

Allt nám unglingsdeilda er metnaðarfullt

og umsjónarkennarar halda vel utan um hvern nemanda. Lögð er rík áhersla á að aðlaga nám að nemendum og að þeir fái góðan grunn í undirstöðuatriðum menntunar.

Á unglingsstigi Sjáländsskóla er boðið upp á fjölbreyttar og spennandi valgreinar. Hver og einn nemandi getur valið um þátttöku í tólf valnámskeiðum yfir skólaárið og þeir nemendur sem leggja stund á tónlistarnám í viðurkenndum tónlistarskóla geta fengið nám sitt metið.

Skólinn útvegar nemendum sínum einstaklega góða aðstöðu til tónlistaríðkunar og gerir þeim kleift að ljúka áfangaprófi samhliða námi í unglingsdeildinni. Allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi en önnur dæmi um valgreinar sem boðið hefur verið uppá má nefna leirmótun, Skólahreysti, ítölsk matargerð, kajak, útiöldun, málun og hönnun.

Félagsmiðstöðin Klakinn – Frábært félagslíf

Í Sjáländsskóla er öflugt félagslíf en þar er starfrækt félagsmiðstöðin Klakinn. Hlutverk hans er að styðja við nemendur með fjölbreyttu tómstundastarfi en meginmarkmið starfsins er að veita þeim tækifæri til samveru og stunda heilbrigðar tómstundir undir leiðsögn reyndra tómstundaleiðbeinenda. Unnið er út frá hugmyndafræði unglingsáhræðis, hugmyndum nemenda og áhugasviði þeirra. Tvö kvöld í viku er opið hús og geta allir nemendur á unglingsstigi tekið virkan þátt í félagslífinu. Nemendur í félagsmálavali og aðrir nemendur á unglingsstigi stjórna dagskrá Klakans. Einnig geta nemendur á unglingsstigi tekið þátt í leikriti Klakans og árlegri skíðaferð til Dalvíkur. Þá tekur félagsmiðstöðin virkan þátt í öllu starfi Samfés.

Að auki býður Klakinn fimmta, sjötta og sjöunda bekk upp á miðdeildarstarf í félagsmiðstöðinni. Nemendur í sjöunda bekk eru með opnun einu sinni í viku og fimmta og sjötti bekkur eru með opnun aðra hverja viku.

Ábyrgðarfullir umsjónarkennarar

Umsjónarhópar í Sjáländsskóla eru af hæfilegri stærð og umsjónarkennarar sjá um stóran hluta kennslu sinna hópa í öllum árgöngum. Áhersla er lögð á að rækta góð tengsl milli starfsfólks, nemenda og foreldra. Teymiskennsla er leiðandi í öllu skólastarfinu.



Sesselja Þóra Gunnarsdóttir

Verið velkomin í Sjáländsskóla

Opið hús fyrir forráðafólk og nemendur sem vilja kynna sér skólann verður mánudaginn 3. mars á milli kl. 16:00 og 17:00. Verðandi nemendur í 1. og 8. bekk og forráðafólk þeirra eru sérstaklega boðnir velkomnir.

Á heimasíðu skólans má finna ýmsar hagnýtar upplýsingar um skólastarfið og hvetjum við öll til að kynna sér það. Einnig er hægt að bóka heimsókn með því að senda tölvupóst á netfangið sjalandsskoli@sjalandsskoli.is.

Sesselja Þóra Gunnarsdóttir,
skólastjóri

Sjáländsskóli Langalína 8
Árgangar: 1. - 10. bekkur
Fjöldi nemenda: 274
Sími: 590-3100
sjalandsskoli@sjalandsskoli.is

Alþjóðaskólinn á Íslandi

Einstakt nám í alþjóðlegu umhverfi

Alþjóðaskólinn á Íslandi er eini alþjóðlegi grunnskólinn á landinu og býður upp á viðurkennt alþjóðlegt nám fyrir börn í 1.-10. bekk. Við leggjum áherslu á fjölbreytileika og persónulega nálgun sem hjálpar hverju barni að blómstra.

Tveir valkostir eru í boði fyrir yngri nemendur:

- Tvítýngd námsbraut (íslenska og enska)
- Alþjóðleg námsbraut með kennslu á ensku

Hverjir eru nemendur okkar?

Við erum fjölmenningarlegt og hlýlegt skólasamfélag sem tekur á móti börnum alls staðar að úr heiminum. Nemendur okkar koma meðal annars úr fjölskyldum;

- með alþjóðlegan bakgrunn,
- þar sem annað foreldrið er íslenskt og hitt erlendis frá,
- sérfræðinga og sendiráðsstarfsmanna sem dvelja tímabundið á Íslandi

Alþjóðleg faggilding

Við erum stolt af því að hafa hlotið alþjóðlega faggildingu hjá Council of International Schools (CIS) og Middle States Association (MSA). Að auki erum við viðurkenndur IB skóli!



Alþjóðaskólinn er í nýju og glæsilegu húsnæði að Þórsgrund

IB (International Baccalaureate) fyrir 7.-10. bekk

- Kennsla fer að mestu fram á ensku
- Undirbýr nemendur fyrir alþjóðlegt framhaldsnám

IPC (International Primary Curriculum) fyrir 1.-6. bekk

- Fjölbreytileg þemakennsla sem tengir saman fög á skemmtilegan hátt
- Börnin læra um heiminn, náttúruna og samfélagið með gagnvirkum verkefnum

Gildi okkar – Virðing, sköpun og sjálfstraust.

Við trúum því að hver nemandi hafi einstaka hæfileika og höfum það að



markmiði að styrkja þá í að læra, skapa og þroskast. Við hvetjum börnin til að treysta á eigin getu, taka áskorunum opnum örnum og verða besta útgáfan af sjálfum sér.

Ertu að leita að skóla sem sameinar gæði, fjölbreytni og alþjóðlegt nám?

Við hvetjum áhugasama til að kynna sér heimasíðu skólans og hringja eða skrifa okkur til að fá nánari upplýsingar um starfsemi. Jafnframt er hægt að bóka tíma í heimsókn, annað hvort með netpósti eða símtali.

Á heimasíðu skólans, www.international-school.is má finna umsóknareyðublað.



Hanna Hilmarsdóttir

Nauðsynlegt er að fylla þau út og fá staðfestingu um skólavist.

Hver umsókn er metin sjálfstætt og fyllsta trúnaðar er gætt.

Við hlökkum til að taka á móti ykkur,

Hanna Hilmarsdóttir
Skólastjóri

Upplýsingar:

Alþjóðaskólinn á Íslandi
Þórsgrund 2, 210 Garðabær
Sími: 594-3100
Netfang: admin@internationalschool.is
Veffang: www.internationalschool.is

Urriðaholtsskóli

Virðing, ábyrgð og umhverfi

Urriðaholtsskóli er samrekin leik- og grunnskóli. Skólaárið 2025-2025 verður grunnskólastarf fyrir börn fædd frá 2010 til 2019 eða í 1.-10. bekk.

Gildin okkar eru virðing, ábyrgð, umhverfi

Gildi skólans eru virðing, ábyrgð og umhverfi en þau voru valin af starfsfólki og nemendum skólans á fyrsta starfsári hans. Skólastarfið byggir á teymiskennslu starfsfólks og samkennslu árganga. Hverju barni er mætt þar sem það er stutt til að styrkja frekari undirstöður til náms. Í Urriðaholtsskóla er lögð áhersla á að öll börn fái námsefni og kennslu sem tekur mið af því hvar þau standa í námi. Í skólanum eru notaðar gagnrýndar kennsluáferðir en það eru þær áferðir sem rannsóknir hafa sýnt að eru árangursríkar til kennslu. Þessar áferðir stuðla meðal annars að því að efla sjálfstrú barna, gera þau ábyrg og meðvitund um eigið nám, eflir áráðni þeirra og færni í að takast á við áskoranir í leik og starfi.

Samstarf skólastiga

Hönnun skólans gerir ráð fyrir að hvert skólastig eigi sitt heimasvæði sem skapar aðstæður til að efla vinnu innan árganga, milli árganga og þvert á skólastig og er teymisvinna á milli starfsfólks ríkjandi. Leikskólastig, yngsta stig, miðstig og unglingsstig skapar sitt samfélag á þann hátt að hver og einn fái að vera einstakur en um leið hluti af samfélagi. Í skólanum er góð samfella á milli skólastiga og



félagsmiðstöðin Urriði hefur fest sig í sessi fyrir nemendur á mið- og unglingsstigi. Hver nemendahópur á sitt starfsmannateymi sem er ábyrgt fyrir sínum hópi sem saman stendur af tveimur til fjórum árgöngum. Það eflir samstöðu, samvinnu og verður til þess að styðja við börn og styrkja þau félagslega sem og námslega óháð aldri. List- og verkgreinar eru kenndar í smíðjum og aðstaða til þeirrar kennslu til fyrirmyndar

Þróunarstarf

Urriðaholtsskóli hefur hlotið styrki frá Þróunarsjóði grunnskóla í Garðabæ og er í samstarfi við Morningside Academy um að innleiða kennslumodel sem byggt er á rannsóknum. Markmið verkefnisins er að byggja upp færni nemenda í grunnþáttum, máls, lesturs og stærðfræði. Aðferðirnar veita kennurum stuðning í að byggja upp jákvæðan aga og bekkjarstjórnun og nemendur þjálfa skólafærni og seiglu.

Urriðaholtsskóli er í samstarfi Rannsóknarstofu í atferlisgreiningu hjá Háskóla Íslands með það að markmiði að efla kennslu í skólanum og tengja fræðasamfélagið við vettvang leik- og grunnskóla.

Velkomin í Urriðaholtsskóla

Skólinn er að ljúka sínu sjöunda starfsári og uppvöxtur mikill, gert er ráð fyrir að þriðji áfangi skólans, aðstaða fyrir skólaþróttir og sund verði tekinn í notkun á vordögum 2026.

Á vefsíðu skólans www.urridaholtsskoli.is má finna ýmsar upplýsingar um skólastarfið, hvetjum áhugasama um að kynna sér skólanámskrá skólans.

Fjölskyldur barna sem eru að fara í 1. til 10. bekk og hafa áhuga á að velja




Þorgerður Anna Arnardóttir

Urriðaholtsskóla er bent á að hafa samband við skrifstofu skólans.

Starfsfólk Urriðaholtsskóla

Urriðaholtsskóli, leik- og grunnskóli
v/Vínastræti
urridaholtsskoli.is - sími: 591 9500
netfang: urridaholtsskoli@urridaholtsskoli.is
Skólastjóri: Þorgerður Anna Arnardóttir




Álftanesskóli

Allir eru einstakir

Álftanesskóli er heildstæður grunnskóli fyrir nemendur í 1.-10. bekk. Í skólanum eru rétt tæplega 370 nemendur í tveimur bekkjardeildum í árgangi. Í Álftanesskóla er lögð áhersla á fjölbreytta og sveigjanlega kennsluhætti í samræmi við einstaklingsmiðað nám og reynt að stuðla að því að öllum líði vel í skólanum. Lítið er svo á að mannleg samskipti og ábyrg hegðun séu grunnþættir í skólastarfinu og að forsenda náms sé að nemendum líði vel í skólanum. Starfsmenn skólans leggja sig fram við að eiga jákvæð samskipti við heimilin og stuðla þannig að betri líðan nemenda, auknu öryggi og betri námsárangri.

Jákvæður skólabragur – Uppeldi til ábyrgðar

Í skólanum er í samskiptum byggt á uppbyggingu sjálfsaga – uppeldi til ábyrgðar. Megináhersla stefunnar er að



kenna börnum og unglingum sjálfsaga og sjálfsstjórn og ýta undir sjálfstraust. Uppbyggingarstefnan leggur áherslu á samskipti fremur en reglur, ábyrgð fremur

en blinda hlýðni og virðingu fremur en stjórngjöf. Mikil áhersla er lögð á að nemendur séu í góðum samskiptum við starfsmenn svo hægt sé að leysa öll mál á jákvæðan og uppbyggilegan hátt. Stefnan treystir á hæfileikann til sjálfsstjórnar og að hver og einn geti brugðist rétt við aðstæðum. Uppeldi til ábyrgðar kennir sjálfsaga og hvetur hvern og einn til að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum. Gagnkvæm virðing er forsenda jákvæðra samskipta.

Fjölbreytt umhverfi

Álftanesskóli býr við fjölbreytta náttúru þar sem stutt er í fjörur, fjölskrúðugt fuglalíf, tjarnir og skemmtilegt umhverfi í göngufæri og er áhersla lögð á tengsl við umhverfið í skólastarfinu. Álftanesskóli

hefur sett sér umhverfisstefnu þar sem lögð er áhersla á að auka þekkingu og virðingu nemenda fyrir umhverfi sínu og skapa jákvætt viðhorf þeirra og starfsmanna til umhverfismála.

Skólasafnið og Bókasafn Álftaness/ Garðabæjar eru rekin sameiginlega í skólahúsinu. Eftir að skóladegi nemenda í 1.- 4. bekk lýkur er boðið upp á frístundastarf, Álftamýri. Á elsta stigi Álftanesskóla er öflugt félagslíf en þar er starfrækt félagsmiðstöð, Elítan. Hlutverk hennar er að styðja við unglunga með fjölbreyttu tómstundastarfi en meginmarkmið starfsins er að veita þeim tækifæri til samveru.

Lestur

Í skólanum hefur mikil áhersla verið á lestur og lestrarfærni nemenda m.a. með kynningum fyrir foreldra/forráðamenn nemenda í 1. og 3. bekk á hverju ári. Nemendur taka árlega þátt í alls konar lestrar tengdum verkefnum s.s. lestrar-sprettum, þjálfun lesskilnings og fjölbreyttum og skemmtilegum verkefnum á bókasafni skólans. Stefna Álftanesskóla er að leggja frá upphafi skólagöngu nemenda traustan grunn að lestri svo að þeir geti byggt ofan á eftir því sem færni þeirra eykst og þroskinn vex. Áhersla hefur verið á fjölbreytta kennsluhætti m.a. Vörður og vegvísa á yngsta og miðstigi. Einnig hefur verið lögð áhersla á fjölbreyttar matsaðferðir á læsi, s.s. Lesfimi, Orðarún o.fl.



Anna María Skúladóttir

Samstarf skólastiga

Álftanesskóli hefur verið í samstarfi við leikskólana Krakkakot og Holtakot, þar sem meginhluturinn með samstarfinu er að leikskólanemendur læri í gegnum leik að þekkja Álftanesskóla, kynnist þannig húsnæði og starfsfólki skólans. Skólinn hefur jafnframt átt gott samstarf við Fjölbreyttaskóla Garðabæjar með framhaldsáfangar fyrir nemendur í 10. bekk. Á vefsíðu skólans www.alftanesskoli.is má finna hagnýtar upplýsingar um skólann og skólastarfið. Forráðafólk getur komið í heimsókn og kynnt sér skólann eftir samkomulagi. Kynning fyrir forráðafólk verður andi 1. bekkina skólans verður í lok maí.

Anna María Skúladóttir,
skólastjóri.

Álftanesskóli. v/Breiðumýri
Árgangar 1. – 10. bekkur
Fjöldi nemenda: 360
Sími: 540 4700
Netfang: alftanesskoli@alftanesskoli.is



Garðaskóli

Uppbyggjandi unglingsamfélag

Í Garðaskóla stunda um 630 nemendur nám í 8.-10. bekk. Markmið okkar er að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi og stuðla að alhliða þroska og velliðan nemenda í samstarfi við heimilin. Leiðarljós okkar í þeirri vinnu eru gildi skólans; frelsi, ábyrgð, velliðan og árangur.

Í Garðaskóla starfar öflugur hópur fagfólks sem hefur valið sér að vinna með unglíngum og hefur reynslu á því sviði. Kennarar kenna að jafnaði eingöngu sína faggrein sem gerir það að verkum að í hverju fagi fá nemendur kennara sem er sérfræðingur á sínu sviði.

Við störfum eftir hugmyndafræði Uppbyggjandi sjálfsgætt. Í því felst að nemendum er leiðbeint og kennt að bera ábyrgð á eigin hegðun. Öll geta gert mistök en áskorunin felst í því að læra af þessum mistökum og hvernig á að koma í veg fyrir að þau gerist aftur. Áhersla er lögð á góð samskipti milli starfsfólks og nemenda svo hægt sé að leysa vandamál á jákvæðan og uppbyggilegan hátt.



Félagsmiðstöðin Garðalundur er staðsett í skólanum og er félagslíf nemenda skipulagt þaðan. Skólinn og félagsmiðstöðin eiga í nánú samstarfi og vinna saman að því að fylgjast með velferð unglínganna. Garðalundur er með almenna opnun þrjú kvöld í viku en að auki eru starfræktir ýmsir klúbbar. Einnig skipuleggur Garðalundur ýmis konar félagsstarf á skólatíma í samstarfi við skólann.

Í 8. bekk röðum við nemendum í umsjónarhópa þar sem lögð er áhersla á að blanda þeim eins mikið og hægt er. Öll fá þó tækifæri til að óska eftir þremur

bekkjarfélögum og getum við lofa því að öll fái a.m.k. eina ósk uppfyllta. Við leggjum áherslu á að taka vel á móti nýnemum, kenna þeim vinnubrögð skólans og leyfa þeim að njóta þess frelsis og fjölbreytileika sem skólinn og Garðalundur bjóða upp á.

Nemendur eru í sama umsjónarhóp öll árin sín í skólanum. Í 8. bekk eru nemendur með sínum umsjónarbecki í öllum fögum á meðan þau eru að ná félagslegri fótfestu í skólanum. En í 9. og 10. bekk fær hver og einn nemandi sérniðna stundaskrá sem líkja má við fjölbrautakerfi framhaldsskóla. Eldri

nemendur hitta þó sinn umsjónarbeck og umsjónarkennara á hverjum degi í yndislestri og í einum umsjónartíma á viku.

Í 9. og 10. bekk eykst frelsi nemenda til að hafa áhrif á nám sitt. Í mörgum kjarna-fögum er þeim skipt upp í getuskipta hópa svo að hver og einn fái nám og kennslu við hæfi. Að auki geta nemendur valið úr yfir 40 valáfögum sem kenndir eru við skólann. Samstarf Garðaskóla og FG er einnig rótgróið og geta nemendur sem standa vel að vígi í námi hafið framhaldsskólanám í ensku, íslensku og/eða stærðfræði strax í 10. bekk.



Jóhann Skagfjörð skólastjóri

Umsjónarkennarar, námsráðgjafar og deildarstjórar fylgjast stöðugt með námi, samskiptum og líðan nemenda. Brugðist er við eftir þörfum en einnig eftir óskum nemenda og/eða forráðafólks og margvíslegum úrlausnum beitt eftir því hvað hentar hverju sinni. Öflugt námsver er við skólann og starfsfólk þess vinnur náð með fagkennurum og stjórnendum að því að mæta þörfum hvers nemanda og veita þann stuðning sem þörf er á. Í Garðaskóla er öflugt og uppbyggjandi unglingsamfélag með hæfum hópi starfsfólks sem tekur vel á móti öllum nemendum.

Jóhann Skagfjörð,
skólastjóri

Barnaskóli Hjallastefnunnar á Vífilstöðum

Glöð börn, glaðir foreldrar, glaðir kennarar og góður námsárangur

Barnaskóli Hjallastefnunnar hefur verið starfræktur á Vífilstöðum frá því haustið 2003. Aðalsmerki skólans hefur verið frá upphafi að skapa jafnvægi á milli náms og leiks þar sem velliðan hvers barns skiptir mestu máli. Við erum skóli jafnréttis, umburðarlyndis og höfum virðingu einstaklingsins í forgrunni. Við mætum hverju barni eins og það er og teljum okkur geta fylgt börnum sérstaklega vel eftir hvað varðar námslega og félagslega þætti.

Í starfinu leggjum við ríka áherslu á að skapa skólaumhverfi sem einkennist af nálægð, trausti og kærleiksríkum samskiptum. Þetta læra börnin í daglegu amstri undir styrkri stjórn kennara sem leiðbeina börnum í jákvæðar áttir. Í Barnaskólanum höfum við náð góðum árangri í að fylgja þessum lykildáttum eftir með námskrá þar sem einstaklings- og félagsþættir eru æfðir sérstaklega.

Í Barnaskólanum er heildstætt skóla-samfélag fyrir börn frá 5 ára gömlum upp í 12 ára og því eru hér þrjú skólastig undir einum hatti.

Kynjanámskrá og aðalnámskrá

Skólinn starfar eftir hugmyndafræði Hjallastefnunnar sem byggir á jafnrétti stúlkna og drengja, þar sem báðum kynjum er gert jafnhátt undir höfði og menning beggja kynja er virt.

Aðalnámskrá grunnskóla og kynjanámskrá Hjallastefnunnar móta inntak allrar kennslu. Kennsluhættir Barnaskólans eru einstaklingsmiðaðir þar sem markmiðið er að hvert barn njóti sín á eigin forsendum og því býðst sjá fjölbreytileiki sem æskilegur er í náms-



umhverfi barna. Við skiptum barnahópnum ekki í hefðbundna bekkir heldur í stúlkna-kjarna og drengjakjarna. Takmarkaður fjöldi barna á hvern kennara gerir það að verkum að hvert barn fær þá athygli sem á þarf að halda hverju sinni.

Í fjögurra vikna lotum vinnum við með félags- og tilfinningaþroska jafnhliða því sem börnin læra að lesa, skrifa og reikna, eru í íþróttum, sundi, ensku og fleiru. Eftir hverja fjögurra vikna lotu kemur opin vika. Þá vinnum við í smíðjum og leggjum höfuð-áherslu á list- og verkgreinar, skapandi starf og samvinnu.

Opinn efniviður og kennsla án hefðbundinna námsbóka fyrir hvern og einn nemanda eru einkennandi því kennarar skipuleggja kennslu og móta viðfangsefni með námsmarkmið barna að leiðarljósi. Mikið er unnið út frá hlutbundinni vinnu þar sem verkefni eru útfærð á lífandi og skemmtilegan hátt og ólíkar leiðir farnar í uppgötvunarnámi barna. Námið fer oft fram í stöðvavinnu og börn fá verkefni sem hæfa getu þeirra og áhuga. Þannig

er reynt að mæta hverju barni þar sem það er stöð og veita því tækifæri til að vinna sig í átt að námsmarkmiðum kjarnans.

Á Vífilstaðatorfunni er umhverfið friðsælt, skólalóðin mjög stór en stutt er í berjabrekku og inn í skóg. Skólinn opnar kl. 7.45 og eftir skóla er Frístund opin til kl. 16:30. Það er sívinsælt að „velja út“ í Frístund en kennarar fara líka mikið út með kjarnahópana sína á skólatíma.

Miðstig skólans

Sköpun í skólastarfi er gert hátt undir höfði og leitast er við að hugsa út fyrir hefðbundinn ramma skólastofunnar meðal annars með samræðum. Börnin hafa farið í þónokkrar vettvangsferðir á síðast liðnum vetri og þar má nefna göngu inn í Reykjadal, heimsókn á Gljúfrastein og fleira. Á miðstigi er boðið upp á svokallað annarval sem hefur flokkast í íþróttaval, handverksval og sviðslistaval. Börnin velja eftir eigin áhuga og fá að prufa margs konar verkefni innan hvers vals. Lestur, útvera, gagnrýnin hugsun, samskipti og lýðræði í skólastarfi fá mikið rými í hverjum hóp og börnin eru hvött til að taka ábyrgð á eigin framvindu undir styrkri leiðsögn kennara.

Fjögurttíu ára starf

Frá árinu 2003 hefur verið boðið upp á nám og kennslu fyrir fimm ára börn hér í Barnaskólanum og því er komin töluverð reynsla á því góða starfi. Námsleiðirnar eru að mestu í gegnum leik, söng og hreyfingu.

Okkur hefur tekist einstaklega vel til með lestrarkennslu okkar barna. Mörg af fimm ára börnunum okkar eru komin vel að stað

í lestri þegar þau hefja grunnskólanám í sex ára kjarna. Góð samvinna milli fimm og sex ára kjarna gefur okkur tækifæri til að skipuleggja lestrarnámið á þeim hraða sem hentar þroska og þörfum hvers barns. Á fimm ára kjörnum skiptum við kennslunni upp í lotur í upphafi annar og kennum stærðfræði og lestur á víxl, sem blandast þó meira þegar á líður. Í vetur höfum við boðið upp á hreysti og hreyfiviku en þá fara 5 ára börnin okkar markvisst í sundkennslu undir stjórn íþróttakennara og einnig í íþróttútskið Miðgarð.

Vettvangsferðir hafa verið hluti að starfi á 5 ára kjörnum en þar skipuleggja kennarar ferðir með börnin sem geisla af áhuga þegar í hús er komið.

Sumarskólinn á sumrin

Við Barnaskólann er starfræktur sumarskóli hluta af sumarleyfi grunnskólans. Þar er gleði, öryggi og frelsi í forgrunni og er fjör og frumkvæði barna sérstaklega eft.

Veiðiferðir, hellaskoðun, bæjarferðir, kofa-byggð, vatnafjör, sköpun og listkennsla eru lykilorð í starfi sumarskólans auk endalausra leikja í ósnortinni náttúru í nágrenni skólans. Börnin okkar finna til öryggis og festu þar sem öflugt starfsfólk sem hefur fengið góða leiðsögn í hjalliskóla starfsháttum, leiðir sumarskólastarfið.

Þjálfun í mannlegum eiginleikum

Við erum stolt og glöð yfir að geta boðið börnum upp á fjölbreytt skólastarf þar sem fyrst og fremst er hugað að velferð allra barna og þeim mætt á þeirra forsendum. Hjallískt skólasamfélag tryggir jafnrétti allra barna og veitir frelsi innan skýrra



Lovísa Lind Sigurjónsdóttir



Anna Margrét Ólafsdóttir

ramma og stöðugleika. Við lítum einnig jöfnum höndum á mikilvægi þess að þjálfarinn mannlega eiginleika og færni, þjálfarinn þjálfarinn jákvæðni, þjálfarinn samskipti, þjálfarinn vináttu og þjálfarinn kærleika líkt og leikni í bóknámsgreinum.

Velkomin til okkar

Við bjóðum öllum velkomin til okkar sem vilja kynna sér skólastafið okkar. Velkomið er að hringja í síma 5557710 og panta tíma til heimsóknar og svo má senda okkur póst á: barnaskolinngbr@hjalli.is

Við tökum vel á móti ykkur.

Með góðri kveðju,
Lovísa Lind og Anna Margrét
skólastjórn

Hofsstaðaskóli

Fjölbreyttir kennsluhættir

Í Hofsstaðaskóla eru 480 nemendur í 1 – 7. bekk. Við skólann starfar reynslu-mikill hópur starfsmanna sem leggur áherslu á fjölbreytta kennsluhætti og skapandi skólustarf í hvetjandi námsumhverfi. Unnið er með nemendum með það að markmiði að byggja upp áhugasama, ábyrga, metnaðarfulla og sjálfstæða einstaklinga. Leiðarljósinn fimm vinnusemi, virðing, víska, vellíðan og verkmennt eru grundvöllur starfsins. Ýmiskonar uppbrót og viðburðir eiga sinn fasta sess í starfinu t.d. sam- söngur, HS-leikar, öskudagsfjör, 100 daga hátíð í 1. bekk, þorablót í 6. bekk, árshátíð 7. bekkja ásamt fjölbreyttum vettvangsferðum og viðburðum.

Jákvæður skólabragur

Í skólanum er lögð áhersla á að öllum börnum líði vel og að samskipti einkennist af virðingu og tillitssemi. Það er unnið

markvisst að því að byggja upp jákvæðan skólabrag til að stuðla að velferð og vellíðan. Unnið er eftir hugmyndafræði Uppeldis til ábyrgðar og Samskiptasáttmála Garðabæjar.

Lestrarnám

Grundvöllur árangurs í lestrarnámi er að leggja jafna áherslu á talað mál, hlustun, lestur, orðaforða, stafsetningu og ritun. Orðaforði, málþroski og reynsluheimur nemenda eru undirstaða lesskilnings. Lestrarkennsla í Hofsstaðaskóla byggir á samþættingu margra þátta. Áhersla er lögð á áhugahvetjandi verkefni. Samstarf við foreldra skiptir miklu máli í lestrarnáminu og heimalestri er fylgt markvisst eftir.

Nemendastýrð samtöl

Tvisvar á skólaárinu eru nemendastýrð



samtöl en í samtalinu er nemandinn í aðalhlutverki og stýrir því undir handleiðslu umsjónarkennara.

Markmið með samtölum er m.a. að:

- Virkja nemendur í að hafa áhrif á eigið nám

- Nemendur þjálfist í að greina styrkleika sína
- Skapa jákvæð tengsl á milli nemenda, kennara og forráðafólks
- Styrkja námsvitund og sjálfstæði nemenda
- Auka þátttöku nemenda í ákvarðanatöku



Hafdis Bára Kristmundsdóttir

Kynning á skólanum

Bent er á vefsíðu skólans www.hofsstadaskoli.is en þar eru ýmsar upplýsingar og kynningarefni.

Forráðafólk sem óskar eftir því að koma í heimsókn í skólann þarf að senda tölvupóst á hskoli@hofsstadaskoli.is.

Hafdis Bára Kristmundsdóttir
skólastjóri, Hofsstaðaskóli v/Skólabraut

Yfirlit kynninga grunnskóla í Garðabæ vegna innritunar fyrir haustið 2025-2026

Innritun nemenda í 1. bekk (f. 2019) og 8. bekk (f. 2012) fer fram dagana 1. – 10. mars nk. Innritað er á Þjónustugátt Garðabæjar.

Athugið aðeins er nauðsynlegt að innrita þá nemendur í 8. bekk sem skipta um skóla. Innritun lýkur 10. mars nk. Sömu daga fer fram skráning vegna nemenda í 2.–9. bekk sem óska eftir að flytjast á milli skóla. Áriðandi er að foreldrar tilkynni óskir um flutning milli skóla fyrir 10. mars nk. Innritun þeirra barna sem óska eftir dvöl á frístundaheimilum Álftanesskóla, Flataskóla, Hofsstaðaskóla, Sjálandsskóla og Urriðaholtsskóla á næsta ári fer einnig fram þessa sömu daga. Hún er einnig á Þjónustugátt Garðabæjar. Sama gildir fyrir sérstakt frístundaúrræði Garðahraun sem er fyrir nemendur í 5.–10. bekk. Mikilvægt er að sótt sé sem fyrst um dvöl á frístundaheimilum. Ef umsóknir fyrir næsta skólaár berast fyrir 15. júní fær barnið pláss á umbeðnu frístundaheimili. Umsóknir sem berast eftir þann tíma eru afgreiddar með tilliti starfsmannahalds hverju sinni.

Athygli er vakin á að umsóknarfrestur um heimild til að stunda nám í grunnskólum annarra sveitarfélaga og sjálfstætt reknum grunnskólum skólaárið 2025-2026 er til 1. apríl, sótt er um skólavist utan sveitarfélags í gegnum Þjónustugátt Garðabæjar.

Vakin er athygli á að umsókn fyrir nemanda sem stundar nám í grunnskóla utan Garðabæjar þarf að endurnýja fyrir hvert skólaár.

KYNNINGAR Í GRUNNSKÓLUM

Forráðafólki og væntanlegum nemendum gefst kostur á að koma í heimsókn í grunnskólana í Garðabæ frá 1.–10. mars. Gestum gefst þá kostur á að skoða skólana í fylgd starfsmanna og/eða nemenda. Vinsamlega hafið samband við skrifstofu skólanna og bókið heimsókn sé óskað eftir því eða mætið á opið hús þar sem það á við. Forráðafólk og væntanlegir nemendur eru hvattir til að skoða vefsíður skólanna. Þar má finna gagnlegar upplýsingar og margskonar fróðleik um skólustarfið. Kynningarefni er aðgengilegt á vefsíðum skólanna.

ALÞJÓÐASKÓLINN

Hafið samband við skrifstofu skólans í síma: 594-3100 eða sendið tölvupóst á netfangið: admin@internationalschool.is | Internationalschool.is

ÁLFTANESSKÓLI

Hafið samband við skrifstofu skólans í síma: 540 4700 eða sendið tölvupóst á netfangið: alftanesskoli@alftanesskoli.is

BARNASKÓLI HJALLASTEFNUNNAR

Hafið samband í S.555 7710, eða sendið tölvupóst á netfangið: barnaskolinngbr@hjalli.is | bskgbr.hjalli.is

FLATASKÓLI

Hafið samband við skrifstofu skólans í síma: S. 513 3500 eða sendið tölvupóst á netfangið: flataskoli@flataskoli.is

GARÐASKÓLI

Opið hús og kynning fyrir nemendur og foreldra verður þriðjudaginn 4. mars frá 17:00 – 18:00 annars vegar og hins vegar frá 20:00 – 21:00. Hafið samband við skrifstofu skólans ef óskað er eftir að koma á öðrum tíma í síma 590 2500 eða sendið tölvupóst á netfangið: gardaskoli@gardaskoli.is

HOFSTAÐASKÓLI

Hafið samband við skrifstofu skólans í síma: 590 8100 eða sendið tölvupóst á netfangið: hskoli@hofsstadaskoli.is

SJÁLANDSSKÓLI

Opið hús og kynning verður mánudaginn 3. mars kl. 16:00 – 17:00. Hafið samband við skrifstofu skólans ef óskað er eftir að koma á öðrum tíma, í síma: 590 3100 eða sendið tölvupóst á netfangið: sjalandsskoli@sjalandsskoli.is

URRIÐAHOLTSSKÓLI

Hafið samband við skrifstofu skólans í síma: 591 9500 eða sendið tölvupóst á netfangið: urridaholtsskoli@urridaholtsskoli.is

A young boy with red hair, wearing a light-colored suit, is walking and smiling. In the background, a young girl in a white dress with a white bow in her hair is walking. They are outdoors in a garden setting with trees and plants.

mayoral

1. mars kl. 12:00

Smáralind

mayoral.is

MENNING Í GARÐABÆ

DAGSKRÁ

MARS

BÓKASAFN GARÐABÆJAR

Langir fimmtudagar í mars

6. mars
kl. 19

KVENNASÖGUSAFNIÐ

Kvennasögusafnið lítur um öxl á Kvennaárinu 2025 með Rakel Adolpsdóttur fagstjóra safnsins.

13. mars
kl. 19

MATJURTARÆKTUN

Matjurtaræktun úti í garði, inná baði, í stofuglugga með Petru Stefánsdóttur garðyrkjufraeðingi.

20. mars
kl. 19

HÆGLÆTI

Hæglæti - svar við hraða og streitu með Dögg Árnadóttur lýðheilsufraeðingi.

27. mars
kl. 19

GRÆNLAND

Grænland - frá fyrstu kynnum til nútímans með Sumarliða R Ísleifssyni sagnfraeðingi.

Foreldramorgnar á fimmtudögum

13. mars
kl. 10-12

SKYNNUNARSMÍÐJA

20. mars
kl. 10.30

SKYNDIHLJÁLPA UNGBARNA

27. mars
kl. 10.30

KRÍLASÖGUR OG SÖNGUR

Álftanessafn

Laugardagur 1. mars
kl. 12.30-13.30

LESID FYRIR HUND

Skráning á: sigridursighvats@gardabaer.is.

FÖNDURSMÍÐJUR

Alla fimmtudaga frá kl. 15-17 fjölbreyttar föndursmiðjur. Ópið fyrsta laugardag mánaðar yfir vetrarmánuði frá kl. 12-15.

Viðburðir

Laugardagur 8. mars
kl. 12-14

NÁTTFATA- VINKONUPARTÍ

Alþjóðlegur baráttudagur kvenna. Vinkonur hvattar til þess að mæta í náttfötum eða kósýgalla.

Laugardagur 15. mars
kl. 11.15

FJÖLSKYLDUJÓGA

Jógastund með Halldóru Mark, takið eigin jógamottu með.

Laugardagur 22. mars
kl. 13-15

FURÐUFUGL

Grimusmiðja fyrir alla fjölskylduna með ÞYKJO-hönnunarteyminu.

Heildardagskrá Bókasafns Garðabæjar má kynna sér á vefnum og á Facebook.

HÖNNUNARSAFN ÍSLANDS

Sýningar

Fastasýning

HÖNNUNARSAFNIÐ SEM HEIMILI

Sýning á gripum úr safneign safnsins sem sett er upp sem grunnmynd af heimili og rétt eins og á heimilum fólks eru hlutir fengnir héðan og þáðan.

Pallurinn
23. janúar – 23. mars

FALLEGUSTU BÆKUR Í HEIMI 2024

FÍT í samstarfi við Hönnunarsafnið stendur fyrir sýningunni. Stiftung Buchkunst, þýsk samtök tileinkuð bókahönnun, hafa frá árinu 1963 veitt verðlaun fyrir bókahönnun víðsvegar um heiminn.

Safnið á röngunni
16. janúar – 18. maí

UNNDÓR EGILL JÓNSSON

Húsgögn úr tré þar sem náttúrulegum og manngerðum fornum er teft saman. Sýningin er liður í Hönnunarsafni Mars.

Vinnustofudvöl
16. janúar – 27. apríl

ÞÓRUNN ÁRNADÓTTIR

Þórunn Árnadóttir vöruhönnuður sem er þekkt fyrir Pyropet kertin og Sasa klukkuna en verk hennar eru drifin áfram af forvitni, tilraunagleði og áhuga á hefðum, efnum og aðferðum.

Viðburðir

Sunnudagur 2. mars
kl. 13

HLJÓDFÆRAHÖNNUN- FJÖLSKYLDUSMÍÐJA

Hljóðfærahönnun- Fjölskyldusmiðja með bæjarlistamanninum Fiðlu-Hansa.

Miðvikudagur 12. mars
kl. 12.15

HÁDEGISHITTINGUR MEÐ HÖNNUÐI

Spjall með Una Maríu Magnúsdóttur sem skráði yfir 8000 verk eftir grafiska hönnuðinn Gísla B. Björnsson fyrir Hönnunarsafn Íslands.

Sunnudagur 16. mars
kl. 13

HANS JÓHANNSSON – ERINDI

Bæjarlistamaður Garðabæjar, Hans Jóhannsson fiðlusmíðameistari heldur erindi um starf sitt sem spannar riflega 40 ár.

MINJA- GARÐURINN Á HOFSTÖÐUM

við Kirkjulund

Skyggist inn í fortíðina og upplifið lífið í landnámskálunum með aðstoð margmiðlunarsjónauka. Ný sýning sem byggir á fornleifarannsóknnum á staðnum.

Tónleikar

Miðvikudagur 5. mars
kl. 12.15 Tónlistarskóli Garðabæjar

STRENGJAKVARTETT HANS JÓHANNSSONAR SEM SKIPAR

AUÐUR

HAFSTEINSDÓTTIR fiðla,
MATTHÍAS STEFÁNSSON fiðla,
FIDEL ATLI QUINTERO
GASPARSSON víola
& ÖRNÓLFUR
KRISTJÁNSSON selló

Ókeypis tónleikar á vegum menningar- og safnanefndar Garðabæjar í samstarfi við Tónlistarskóla Garðabæjar.

AFTUR TIL HOFSTAÐA

Garðatorgi 7

Margmiðlunarsýning sem spannar sögu Garðabæjar frá upphafi landnáms til okkar daga.



Upplýsingar um einstaka viðburði má finna á Facebooksíðu Garðabæjar, Hönnunarsafns Íslands og Bókasafns Garðabæjar.